

SPÁDÓMA- BÓK

og nokkur

náttúrufræði

SIGURÐUR Helgason tónskáld, sem heima á í Blaine í Bandaríkjunum, hefur verið svo hugulsamur að senda mér fróðlega bók um spádóma, eftir Wing Anderson. Bókin heitir *Prophetic Years 1947—53*; og er þar annars margt annað um spádóma og um marga. En á þessum árum segir spámaðurinn að stórtíðinda sje að vænta, upphafs nýrrar aldar, að því er mér skilst. Mjer þykir altaf dálítið gaman að spádómum, þrátt fyrir þá miklu galla sem á þeim eru. Og er þar eitt, og að visu mjög verulegt atriði að í rauninni eru það ekki tíðindi ókomna tímans sem verið er að segja af. Er þar frægasta dæmið *Opinberunarbók* biblíunnar. Því að þar er vissulega ekki verið að segja fyrir framtíð jarðar vorrar, heldur tíðindi af einhverri annarri jörð, þar sem ekki hafði tekist að sigrast á helstefnunni. Hygg jeg, að hverjum geti orðið þetta ljóst sem les ritgerð þá í *Framnýal*, er heitir: *Opinberun, Völuspá og stjörnulíffræði*.

Enn allar eiga þessar spár sammerkt í því, að segja má að vanti í þær náttúrufræðina. Skilningurinn á hinum tveim stefnum framvindunnar er

ekki til og vegna þess verða allar spár um aldaskifti mjög ófullkomnar. Í bók þessari sem tónskáldið sendi mér, er sögð fyrir 3. heimsstyrjöld, og svo þúsund ára ríkið á eftir. En ef þetta væri rjett, mundi það verða að skilja þannig, að umskiftin frá helstefnu til lífstefnu hefðu ekki tekist. Því að þar, sem þau umskifti eru orðin, er ekki um neitt þúsundaráriki að ræða. Þar er ekki hrapað niður aftur til helstefnu, batinn heldur áfram að eilífu.

Vonandi er það falsspá, að 3. heimsstyrjöldin sje í vændum. Mjer virðast býsna litlar líkur til að rjett yrði við úr því, ef ein heimsstyrjöldin ætti að ganga yfir enn.

Ráðið til að komast á rjetta leið, er samband við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins. — Ekkert annað er til sem duga mundi. En sambandið það mundi þýða að brátt yrði hjer á jörðu fullkomnara mannkyn en nú er. Í staðinn fyrir *homo sapiens* (mannveru skynsemi gædda), mundi koma *homo sapientior* (mannveran betur skynsemi gædd). Og þá mundum vjer fá hjer uppi á Esjunni, þar sem gott landrými er. Það hús sem um tíma gæti orðið frægasta húsið á þessari jörð, nokkurskonar Hliðskjálf, stöð til sambands við lífið á stjörnunum. Mundi þá verða hægt að sjá fyrir tíðindi framtíðarinnar á miklu fullkomnari hátt en hingað til og breyta, þar sem þurfa þætti, aðdragandanum svo að það sem drægi til, kæmi þó ekki fram, þegar sjeð væri að önnur viðburðarás væri heppilegri.

Helgi Pjeturs.